
F U N D A R G E R Ð

Fundur: Raforkuhópur 2007-07
Fundartími: Þriðjudagur 9. október 2007 kl. 13:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni: 1) Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins.
2) Verkefni ársins 2008.
3) Hvernig tókst til með endurreikning raforkuspár.
4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Ívar Þorsteinsson
Gunnar Aðalsteinsson
Sigurður Ágústsson
Íris Baldursdóttir
Ásgeir Sigtryggsson
Pétur E. Þórðarson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

Fjarverandi: Agnar Árnason

- 1) JV fór yfir raforkunotkun á fyrri helmingi ársins og sýndi töflur sem komnar eru á heimasíðu orkusparnefndar. Raforkuvinnslan hefur aukist um 17,6% frá sama tíma árið 2006 en flutningstöp hafa aukist um 14,8%. Stórnotkun hefur aukist um 25,5% en almenn notkun um 4,3%. Ótryggð orka hefur aukist minna en forgangsorkan eða um 3,7% meðan forgangsorkan jókst um 4,4%. Minnkun var í ótryggðu orkunni á 2. ársfjórðungi og benti PEP á að notkunin á Austurlandi hafi verið skert. Nokkur breyting er á hitafari milli ára en 1. ársfjórðungur var mun kaldari en árið á undan á meðan 2. ársfjórðungur var nokkuð hlýrri. Hitastigleiðrétting hefur því nokkur áhrif og verður aukning forgangsorku eftir leiðréttingu 4,2% og munur á milli ársfjórðunga minnkar. GA sagði að aukningin væri heldur meiri hjá Orkuveitu Reykjavíkur á fyrri helmingi ársins eða um 4,7%. JV benti á að notkun við framkvæmdir á Austurlandi væri lítið farin að minnka og yrði væntanlega mun meiri á þessu ári en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- 2) Farið var yfir drög 1 að verkefnishandbók fyrir árið 2007. Íris benti á að taxta hefðu hækkað nokkuð frá síðustu verkefnishandbók. JV sagði að það væri aðallega taxti á sinni vinnu sem hefði verðið lagfærður þar sem hann hefði dregist nokkuð aftur úr miðað við

Það sem algengt væri miðað við menntun og starfsreynslu. JV sýndi einnig stöðu vinnumagns og kostnaðar þessa árs miðað við áætlun ársins og var ákveðið að fullnýt ááætlunina með að byrja á verkefni um hitastigsleiðréttingu á þessu ári og klára það síðan á næsta ári. Ákveðið var að menn mundu senda JV athugasemdir við áætlunina og yrði hún síðan afgreidd á næsta fundi.

- 3) Rætt var um niðurstöðu endurreiknings. PEP benti á að fylgjast þyrfti vel með því sem væri að gerast í atvinnulífínu og benti á vatnisverksmiðjur en tvær eru að koma í notkun, hvor með 4 MW notkun. Um væri að ræða um 1 hektara hús með 4m lofthæð og um fjórðungur notkunarinnar væri vegna flöskugerðar. JV sagði að fjallað hefði verið um vatnsverksmiðjurnar í síðustu spám en þær geta rúmast innan almennrar spár en taka þarf tillit til þeirra varðandi einstök svæði. Hann beindi því til fundarmanna að leggja ætíð fram allar upplýsingar um slík ný fyrirtæki svo hægt sé að taka tillit til þeirra við gerð raforkuspár. JV sagði að mjög gott væri að fá athugasemdir eins og fengist hafa undanfarin ár frá þeim sem eru að nota spárnar hjá Landsneti. Íris sagði að þetta væri viss rýni á spána sem væri mjög góð.
- 4) Rætt var um mælingar á raforkunotkun og sagði ÁS að töpin hjá Netorku væru að komast í nokkuð gott horf. JV sagði að slíkt ætti að skila sér í betri gögnum um raforkunotkun. Allir voru sammála því að tryggja þurfti að gögn um raforkunotkun séu eins góð og kostur er.

JV sagðist oft hafa á fundum orkuspárnefndar og raforkuhóps nefnt að mikilvægt væri að kanna hver þörfin fyrir íbúðarhúsnæði væri þar sem slík athugun hefur ekki verið gerð í um þrjá áratugi. Hann sagðist hafa rætt þetta nokkrum sinnum við Fasteignamat ríkisins og hefðu þeir verið áhugasamir en ekkert gerðist þar sem þeir hefðu ekki tíma í slíkt. Í nýlegri hagspá Landsbanka Íslands er nokkuð fjallað um byggingu íbúðarhúsnæðis og hafa þeir gert áætlun þar sem búist er við mikilli aukningu á næstu árum. Hann sagðist því hafa sent fyrirspurn um hvort Landsbankinn væri tilbúinn til að kosta slíka könnun sem væri sameiginleg könnun þeirra, orkuspárnefnda, Fasteignamatsins og Hagstofunnar. Þeir tóku vel í þetta en endaleg ákvörðun liggur þó ekki fyrir. Fundarmenn vildu að tryggt væri að niðurstöður slíkrar könnunar væri opinber og allir fyrrnefndir aðilar hefðu jafnan aðgang að niðurstöðunum.

JV sagði að gögn væru komin frá Netorku og búið væri að skilgreina raðir í gagnagrunni orkuspárnefndar um vinnslu, innmötun og úttekt. ÁS sagði að Landsnet væri ekki búið að ganga frá breytingum sem þyrfti að gera á gagnasendingum þeirra en það yrði gert fljótlega. IB sagði að skoða þyrfti betur hvort ekki væru til fleiri mælingar á vinnslu en ef slíkt er ekki til eru notaðar raðir fyrir innmötun.

JV sagðist hafa tekið saman erindi fyrir Landsnet “Raforkunotkun til framtíðar – Helstu drifkraftar”. Einnig sýndi JV tölur um hagvöxt í nýjum spám bankanna og Fjármálaráðuneytis og benti á hve mismunandi þær eru.

Fleira ekki gert. Næsti fundur skv. áætlun er 6. nóvember kl 13:30. Fundi slitið kl 15:30.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var og dreift fyrir fundinn:

- Vinna fyrir raforkuhóp orkuspárnefndar 2008. Verkefnishandbók. Drög 1.

Sýnt var en ekki dreift:

- Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins.
- Töflur um vinnu fyrir raforkuhóp á árinu 2007.
- Tafla með spám um hagvöxt næstu ára.